

Mál nr. 46/2003

**M
og**

Vátryggingafélagið X v/ almennrar slysátryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysátryggingu vegna líkamstjóns þann 15.7.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20.2.2003 ásamt greinargerð.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tjónstilkynning til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 24.10.2000.
4. Tilkynning um vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 8.11.2000.
5. Læknisvottorð, dags. 22.11.2000.
6. Vátryggingarskírteini og vátryggingarskilmálar.
7. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 17.1.2001, 29.1.2001
8. Bréf X, dags. 14.2.2001 og 3.3.2003.

Málsatvik.

M vann við ræstingar á heilsugæslustöð. Að loknum þrifum þann 15.7. 2000 hugðist hún taka ruslapoka í geymsluherbergi og fara með þá í ruslageymslu, sem staðsett er í kjallara. Að jafnaði voru þessir ruslapokar léttir og höfðu fyrst og fremst að geyma pappír, grisjur og því um líkt. Tók hún í einn pokann, en hann reyndist þá vera þyngri en hún hafði gert ráð fyrir. Við átakið hlaut hún tognunaráverka á vinstri handlegg og öxl. Í ljós kom að í pokanum var mold og af þeim sökum var hann þyngri en ella.

M hafði keypt almenna slysátryggingu hjá X og krafðist bóta vegna þeirra áverka sem hún hlaut. Félagið hefur hins vegar hafnað bótaskyldu, þar sem meiðslin hafi ekki hlotist af völdum utanaðkomandi atburðar og því hafi ekki verið fullnægt skilyrðum skilmála að um slys hafi verið að ræða. Þessu hefur verið mótmælt af hálfu M sem telur að óeðlileg og óvænt þyngd pokans hafi verið óvæntur og utanaðkomandi atburður sem hafi rofið atburðarrásina og því teljist atburðurinn vera slys í skilningi vátryggingarréttar.

Álit.

Í skilmálum slysátryggingarinnar segir að félagið greiði bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir. Ennfremur segir að með orðinu “slys” sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem valdi meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. M hugðist taka upp ruslapoka sem reyndist þyngri en hún átti von á. Í tilviki þessu verður að líta svo á að það hafi verið fyrir tog M í pokann sem hún hlaut tognunaráverkann. Ekki er unnt að líta svo á að pokinn eða þyngsl hans hafi verið utanaðkomandi atburður sem hafi valdið meiðslunum. Líkamstjón M telst því ekki hafa hlotist af völdum slyss eins og það hugtak er skilgreint í skilmálunum sem hér gilda.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 25. mars 2003.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.